

Umhverfisstofnun
b.t. K. Sóleyjar Bjarnadóttur
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. febrúar 2022
Tilvísun: 202201-0055
SS/SBR
SS

Efni: Umsögn um fyrirhugaða lagningu skólpuþrásar við Græuborg í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisstofnun, dags. 17. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða framkvæmd á lagningu skólpuþrásar frá nýju hverfi við Græuborg í Vogum á Vatnsleysuströnd. Umhverfisstofnun veitir leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Svæðið er í næsta nágrenni við tjarnir sem eru á gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrár og undir sérstakri verndun 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 vegna jarðminja er leitað eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem bárust frá Umhverfisstofnun og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur óæskilegt að við endurbætur á fráveitukerfi sé einungis gert ráð fyrir grófhreinsun en ekki eins eða jafnvel tveggja þrepa síun. Setja ætti meiri kröfur ekki síst í ljósi þess að í næsta nágrenni er svæði á náttúruminjaskrá og mikilvæg fjörusvæði með hátt verndargildi er að ræða.

Fram kemur að viðtaki þoli vel að taka við lítt hreinsuðu skólpi, engin mengun sé sýnileg og magn saurkólígerla mælst lágt. Mikilvægt er að fylgst sé með vistfræðilegu ástandi viðtakans og brugðist við ef hann uppfyllir ekki markmið reglugerðar 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fjörusvæðið sem um ræðir er líkt fjörusvæðum austar á Vatnsleysuströnd sem Náttúrufræðistofnun hefur metið með hátt verndargildi og tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, en þarna er klóþangsfjara og fjörupollar, lífríki fjölbreytt og lífmassi hár. Ófullnægjandi hreinsun skólps telst klárlega geta verið ógn við vistgerðir á svæðinu, þá sérstaklega fjörupolla þar sem sjór situr eftir og blöndun því minni heldur en þar sem full blöndun sjávar á sér alltaf stað. Klóþangsfjörur hafa mjög hátt verndargildi skv. frummati Náttúrufræðistofnunar á verndargildi vistgerða og fjörupollar með hátt verndargildi.


Þá er svæðið sérstaklega mikilvægt fuglum á fartíma þar sem Reykjanesið er þekktur viðkomustaður vaðfugla og annarra fugla sem leita sér fæðu í fjörum. Einnig er fjölbreyttur



hópur fugla sem nýtir sér fjörusvæðið á veturna. Áhrif vegna rasks við lagningu útrásar verða ef til vill lítils háttar en mjög mikilvægt er að fylgst sé vel með skólpmengun á svæðinu.

Tryggja skal að markmið um að rask á vernduðu hrauni verði lítilsháttar náist og að ekkert óþarfa rask eigi sér stað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

